Nr. 4.
19.
febr.

# Lög

um

utanþjóðkirkjumenn.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## I.
## Um borgaralegt hjónaband utanþjóðkirkjumanna og trúarfræðslu barna þeirra.

### 1. gr.

Rjett er að veraldlegir valdsmenn gefi hjón saman, og hefur slíkt hjónaband fulla löghelgi, þótt kirkjuleg vígsla eigi komi til, ef annaðhvort hjónaefna eða bæði eru utan þjóðkirkju.

### 2. gr.

Hjónaefni þau, er ganga vilja í borgaralegt hjónaband, riti bæjarfógeta eða sýslumanni í því lögsagnarumdæmi, er þau vilja láta gefa sig saman í, bónarbrjef um, að hann gefi þau í hjónaband. Skulu þau þá skýra honum frá því, hverrar trúar þau sjeu og í hverju trúfjelagi, ef þau í nokkru eru.

### 3. gr.

Nú hefur bæjarfógeti eða sýslumaður verið beðinn um að gefa hjón saman, og skal hann láta birta það á kirkjufundi í prestakalli því, er brúðurin er til heimilis í, 3 vikum áður en hjónin eru saman gefin. Í kaupstöðum fer um þessa birtingu, sem þar er venja um auglýsingar þær, er almenning varða. Birtingin verður ógild, ef hjónaefnin eigi eru saman gefin hinar næstu 12 vikur. Vilji nokkur hefja lögbann gegn hjónabandinu, skal segja til þess valdsmanni lögsagnarumdæmis þess, sem brúðurin á heima í.

### 4. gr.

Áður en valdsmaður gefur hjón saman, ber honum að hafa fengið fulla vissu um, að birting sú, sem lögboðin er í 3. gr., hafi farið fram, og að ekkert lögbann sje gjört. Um meinbugi skal valdsmaður gæta alls hins sama, sem þjóðkirkjuprestar eiga að gæta

# Lov

Nr 4. 19de Febr.

angaaende

## Personer, der staa udenfor Folkekirken.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### I.

### Om borgerligt Ægteskab imellem Personer, der staa udenfor Folkekirken, samt om den religiøse Opdragelse af disses Børn.

§ 1.

Tvende Personer, der enten begge eller af hvilke den ene ikke hører til Folkekirken, kunne indgaa fuldgyldigt Ægteskab med hinanden for den borgerlige Øvrighed uden kirkelig Vielse.

§ 2.

De, der ville indgaa saadant borgerligt Ægteskab, skulle derom indgive skriftlig Begjæring til Byfogden eller Sysselmanden i den Jurisdiktion, hvor Ægteskabet agtes fuldbyrdet. Denne Begjæring skal tillige indeholde Oplysning om, til hvilken Tro de bekjende sig, samt om de tilhøre noget Trossamfund, og i bekræftende Fald da hvilket.

§ 3.

Naar en Byfoged eller en Sysselmand har modtaget en saadan Begjæring, har han 3 Uger før Ægteskabets Indgaaelse at lade dette kundgjøre ved Kirkestævne i det Præstekald, hvor Bruden hører hjemme. I Kjøbstæderne forholdes der med denne Kundgjørelse som med Offentligheden vedkommende Bekjendtgjørelser. Hengaar der mere end 12 Uger efter Kundgjørelsen, førend Ægteskabet fuldbyrdes, taber denne sin Gyldighed. Forbud mod Ægteskabets Stiftelse maa anmeldes for Øvrigheden paa Brudens Hjemstavn.

§ 4.

Forinden Ægteskabet sluttes, har vedkommende Øvrighed at forvisse sig om, at den i § 3 paabudne Kundgjørelse har fundet Sted, og at intet Forbud er anmeldt. Med Hensyn til Ægteskabshindringer har Øvrigheden at iagttage Alt, hvad det efter Lovgivningen paahviler Folke-

Nr. 4. 19. febr. að lögum, þó svo, að ferming og altarisganga sjeu ekki hjúskaparskilyrði fyrir þá, sem eigi hafa þjóðkirkjutrú.

5. gr.

Hjónaefni skulu koma til brúðkaupsstefnu á þeim stað, degi og stundu, er valdsmaður ákveður. Skal valdsmaður þá fyrst brýna fyrir þeim þýðingu hjónabandsins, því næst tekur hann á móti játningu þeirra um, að þau vilji hjón verða, og lýsir loksins yfir því, að þau sjeu gefin saman í lögmætt hjónaband. Stjórnarráð Íslands setur reglur fyrir athöfn þessari, og skal hún fram fara í heyranda hljóði og í viðurvist tveggja tilkvaddra votta. Bæjarfógeti eða sýslumaður skal rita í bók, sem til þess er ætluð, allt það, er nokkru má varða, að því er til hjónabandsins kemur, og fái hjónunum eptirrit þess, staðfest með nafni sínu og embættisinnsigli, til sannindamerkis um, að þau sjeu að lögum hjón orðin. Svo skal og valdsmaður, áður vika er liðin, senda annað eptirrit presti sóknar þeirrar, er brúðurin átti heima í, þá er hún giptist, og ritar hann þá skýrslu um hjónabandið í gjörðabók prestakallsins.

6. gr.

Borgun fyrir birtingu þá, sem 3. grein getur, og vottorð um hana greiðist eptir lögum nr. 3 13. janúar 1882, 4. gr.; en fyrir gjörð þá, sem 5. gr. tilskilur og fyrir eptirrit af gjörðabókinni, skal gjalda valdsmanni 4 kr., er renni í landssjóð. Nú þarf valdsmaður að takast ferð á hendur, til að gefa hjón saman, og skal þá greiða honum dagpeninga og farareyri, slíkan sem aukatekjureglugjörð 10. september 1830 til skilur í 15. og 16. gr.

7. gr.

Nú er annaðhvort hjónaefna eða bæði utan þjóðkirkju, og verður hjónaband þeirra löglegt, ef einhver þjóðkirkjuprestur, sem í embætti er, vígir þau; en senda skal sóknarpresti brúðarinnar skýrslu um vígsluna, ef það er eigi hann, sem hefur gefið þau saman, svo hann geti gjört við það athugasemd í gjörðabók sína. Við stofnun hjónabanda þessara skal gæta ákvæða laganna um kirkjulega vígslu.

8. gr.

Ekki má gefa saman í hjónaband hjónaefni þau, sem ekki eru bæði þjóðkirkjutrúar, nema þau hafi skýrt embættismanni þeim, sem á að gefa þau saman í hjónaband, frá því, í hverjum trúarbrögðum börn þau, er þau eiga saman, skuli uppfræða. Þessa yfirlýsingu skal rita í gjörðabækur þær, er fyr greinir. Þó má breyta slíkri ákvörðun, ef þeim hjónum semur um, eða eptir ráðstöfun annars þeirra, ef hitt er látið, eða hefur misst forráð fyrir börnunum, og landshöfðingi samþykkir. Ekki má uppfræða börn í öðrum trúarbrögðum en þeim, er annaðhvort foreldra hefur, eða að öðrum kosti í trú þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Nú var hvorttveggja foreldra í þjóðkirkjunni, er þau gengu að eigast, og hafa því engan samning gjört sín á milli um trúfræðslu barna sinna, og er þá hvoru þeirra rjett að krefjast þess, að börnin alist upp í trúfræði þjóðkirkjunnar. Þó er rjett að börnin alist upp í trú þeirri, er annað foreldra hefur síðar tekið, sjeu þau bæði á það sátt. Nú gengur annað hjóna úr þjóðkirkjunni og tekur aðra trú, en hitt er látið eða

kirkens Præster at paase, dog at Konfirmation og Altergang for Personer, der ikke have Folkekirkens Tro, ikke ere Betingelser for Ægteskab. Nr. 4. 19de Febr.

§ 5.

Brudeparret skal møde til Ægteskabets Stiftelse paa Sted, Dag og Time, som af Øvrigheden berammet. Denne foreholder først begge Personer Ægteskabets Betydning, modtager derpaa deres Erklæring om, at de ville have hinanden til Mand og Hustru, og forkynder sluttelig, at Ægteskabet imellem dem lovlig er indgaaet. Handlingen foregaar offentlig og under Tilkaldelse af tvende Vidner i Overensstemmelse med en af Ministeriet for Island i dette Øjemed foreskreven Formular. Om det saaledes indgaaede Ægteskab indføres det Fornødne i en dertil indrettet Protokol af Byfogden eller Sysselmanden, der meddeler Ægteparret en Udskrift heraf under sit Navn og Embedssegl som Vidnesbyrd om, at Ægteskabet lovligt er indgaaet. Ligeledes meddeler Øvrigheden inden 8 Dage en anden Udskrift til den Sognepræst, i hvis Sogn Bruden før Ægteskabets Indgaaelse havde hjemme, hvorefter denne indfører Bemærkning om det indgaaede Ægteskab i Præstekaldets Ministerialbog.

§ 6.

For den i § 3 nævnte Kundgjørelse og Attest derom erlægges Betaling efter Lov Nr. 3 13de Januar 1882 § 4. For den i § 5 nævnte Handling og for Udfærdigelsen af Protokoludskriften erlægges til vedkommende Øvrighedsperson 4 Kr., der tilfalde Landskassen. Hvis denne Øvrighedsperson i den ommeldte Anledning maa foretage en Rejse, erholder han Dagpenge og Befordringsgodtgjørelse efter Reglerne i §§ 15 og 16 i Sportelreglement 10de September 1830.

§ 7.

Naar Personer, der enten begge eller hvoraf kun den ene hører til Folkekirken, agte at indgaa Ægteskab med hinanden, kan deres Ægteskab lovligen stiftes ved en Vielse foretagen af en til Folkekirken hørende Præst, der er i Embede. Herom bør Anmeldelse ske til Præsten i det Sogn, hvor Bruden hører hjemme, saafremt Vielsen ikke er foretagen af ham, for at Bemærkning derom kan optages i hans Ministerialbog. Ved saadanne Ægteskabers Indgaaelse bør Lovgivningens Bestemmelser angaaende kirkelig Vielse iagttages.

§ 8.

Ægteskab mellem Personer, der ikke begge bekjende sig til Folkekirkens Tro, maa først finde Sted, naar de til den Embedsmand, for hvem Ægteskabet indgaas, have afgivet en Erklæring om, i hvilken Tro Børnene af deres Ægteskab skulle opdrages. Denne Erklæring tilføres de fornævnte Protokoller. — Den saaledes trufne Bestemmelse kan dog senere forandres ved Ægtefællernes fælles Overenskomst, eller, naar den ene af dem er død eller har mistet Myndigheden over Børnene, ifølge den anden Ægtefælles Bestemmelse, forsaavidt denne bifaldes af Landshøvdingen. Børnene maa ikke opdrages i en anden Trosbekjendelse end den, til hvilken en af Forældrene hører, eller, hvis dette ikke sker, i Folkekirkens.

§ 9.

Naar Forældrene ved deres Ægteskabs Indgaaelse begge hørte til Folkekirken, og saaledes ingen Overenskomst om Børnenes religiøse Opdragelse har fundet Sted imellem dem, er enhver af Forældrene berettiget til at forlange, at Børnene opdrages i Folkekirkens Tro. Dog skal det være tilladt at opdrage Børnene i en Trosbekjendelse, til hvilken en af Forældrene siden er gaaet over, forsaavidt de begge herom ere enige. Træder den ene Ægtefælle, efter at

Nr. 4. 19. febr. hefur misst forráð fyrir börnum sínum, og er þá heimilt, að þau alist upp í trú þess, sem á lífi er, ef landshöfðingi samþykkir.

10. gr.

Foreldri, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, skulu tafarlaust skýra sóknarprestinum frá fæðingu barna sinna, svo og frá nöfnum þeirra, áður en 12 vikur eru liðnar frá því er þau fæddust, svo hann geti ritað hvorttveggja þetta í gjörðabók prestakallsins. Vottorð um nafngjafir þessar komi í staðinn fyrir skírnarvottorð. Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða 1—20 króna sekt, er rennur í fátækrasjóð. Valdsmaður ákveður sektina.

11. gr.

Fjórtán ára aldur barna þeirra, sem ekki heyra til þjóðkirkjunni, jafngildir fermingu að því er til borgaralegra rjettinda kemur. Rjett er að börn þau, er ekki skulu alast upp í trúarbrögðum þjóðkirkjunnar, sjeu undanþegin fræðslu í þeim í alþjóðlegum skólum.

12. gr.

Sáttatilraun milli hjóna af hálfu hinnar andlegu stjettar, sem tilskipun 18. október 1811 (sbr. tilskipun 30. apríl 1824, 18. gr.) til skilur, fellur niður, ef hjón lýsa því yfir við valdsmann, að þau sjeu ekki bæði í þjóðkirkjunni.

## II.
## Um konunglega staðfesting utanþjóðkirkjupresta og gildi embættisverka þeirra.

13. gr.

Ef kirkjufjelag hjer á landi utan þjóðkirkjunnar kýs sjer prest eða forstöðumann, þá geta fulltrúar kirkjufjelagsins leitað staðfestingar konungs á kosningunni. Nú staðfestir konungur kosninguna, og hafa þá kirkjuleg embættisverk þau, er sá prestur fremur fyrir utanþjóðkirkjumenn, þar á meðal hjónavígsla, alla hina sömu borgaralega þýðingu, sem væru þau af þjóðkirkjupresti framin, slíkt hið sama er um vottorð þau, er slíkur prestur gefur.

Um meinbugi og lýsingar, að því er til hjúskapar kemur, gæti prestar þessir fyrirmæla þeirra, er annars gilda að lögum; sæti ella ábyrgð sem þjóðkirkjuprestar.

14. gr.

Nú hefur prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar fengið konunglega staðfesting, og skal hann þá sýna hana sýslumanni eða bæjarfógeta, þeim er í hlut á, áður en hann fremur embættisverk, og skal hann jafnframt með skriflegum eiðstaf eða yfirlýsingu skuldbinda sig til að hegða sjer í þessari stöðu sinni samkvæmt lögum landsins. Skyldur er hann að gefa skýrslur þær og vottorð, er yfirvöld krefjast og að söfnuði hans lúta, og upplýsingar aðrar í líkingu við það, sem þjóðkirkjuprestar eru skyldir að gefa.

15 gr.

Rjett er utanþjóðkirkjumönnum, þeim er hafa prest eða forstöðumann þann, sem kgl. staðfestingu hefur fengið eptir 13. gr., að nota grafreiti þá, er þjóðkirkjan hefur

den anden er død eller har tabt Myndigheden over Børnene, over til en anden Tro end Folkekirkens, skal det være tilladt at lade Børnene opdrage i den efterlevende Ægtefælles Tro, forsaavidt Landshøvdingen samtykker heri. Nr. 4. 19de Febr.

§ 10.

Forældre, der ikke høre til Folkekirken, skulle uden Ophold melde deres Børns Fødsel for Sognets Præst, samt inden 12 Uger efter Fødslen for samme opgive Barnets Navn, for at han kan indføre begge Dele i Ministerialbogen. Attest om saadan Navngivelse træder i Stedet for Daabsattest. Overtrædelse af nærværende Paragrafs Bestemmelser anses med Bøder fra 1—20 Kroner til vedkommende Fattigkasse. Bøderne fastsættes af Øvrigheden.

§ 11.

For Børn, der ikke høre til Folkekirken, skal 14 Aars Alderen træde i Stedet for Konfirmationen med Hensyn til de til denne knyttede borgerlige Virkninger. Børn, der ikke skulle opdrages i Folkekirkens Religion, skulle være undtagne fra Undervisningen i denne i offentlige Skoler.

§ 12.

Den ved Forordning af 18de Oktober 1811 (jfr. Forordning af 30de April 1824 § 18) paabudne gejstlige Mægling mellem Ægtefolk, der søge Skilsmisse, bortfalder, naar Ægtefællerne for Øvrigheden erklære, at de ikke begge høre til Folkekirken.

## II.

### Om kongelig Stadfæstelse af Præster, der ikke høre til Folkekirken, og om Gyldigheden af deres Embedshandlinger.

§ 13.

Dersom et udenfor Folkekirken staaende Kirkesamfund her i Landet vælger en Præst eller Forstander, kunne dets Repræsentanter andrage paa kongelig Stadfæstelse af Valget. Dersom Valget erholder kongelig Stadfæstelse, have kirkelige Embedshandlinger, deriblandt Ægtevielser, der foretages af en saadan Præst for Personer, der staa udenfor Folkekirken, den samme borgerlige Virkning, som om de vare udførte af en af Folkekirkens Præster; det Samme gjælder om de af en saadan Præst udstedte Attester.

Om Ægteskabshindringer og Lysninger til Ægteskab have saadanne Præster at iagttage de Bestemmelser, som Lovgivningen iøvrigt foreskriver. I modsat Fald ifalde de samme Ansvar som Folkekirkens Præster.

§ 14.

Naar en Præst eller Forstander for en udenfor Folkekirken staaende Menighed har erholdt kongelig Stadfæstelse, skal han, forinden han udfører Embedshandlinger, forevise denne for vedkommende Sysselmand eller Byfoged samt tillige ved en skriftlig Ed eller Forsikring forpligte sig til i denne sin Stilling at iagttage Landets Love. Han skal afgive de Beretninger og Attester angaaende hans Menighed, som Øvrigheden forlanger, samt andre Oplysninger i Lighed med hvad der i saa Henseende paahviler Folkekirkens Præster.

§ 15.

De udenfor Folkekirken staaende Personer, der have en Præst eller Forstander, som i Henhold til § 13 har erholdt kongelig Stadfæstelse, skal det være tilladt at benytte de Kirke-

Nr. 4. 19. febr. gjöra látið, ef þeir gjalda legkaup og taka þátt í kostnaði til viðhalds eða stækkunar grafreitanna. Má prestur þeirra jarðsyngja og moldausa þar lík safnaðarlima sinna, og mega utanþjóðkirkjumenn við hafa þar helgisiði sína, er þeir hafa sett sjer. Gjöri þeir sjer sjerstaka grafreiti, eru þeir háðir heilnæmisreglum þeim, er nú gilda eður settar kunna að verða um greptranir, svo og samþykki og eptirliti valdsmanns, að því er til grafreitarstæðis kemur.

## III. Um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna.

### 16. gr.

Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefur eða forstöðumann, er fengið hefur kgl. staðfesting samkvæmt 13. gr., skulu lausir við gjöld fyrir aukaverk, svo og offur, lambseldi, dagsverk, ljóstoll og lausafjártíund til kirkna og presta þjóðkirkjunnar.

Þeir, sem ekki eru í neinu slíku kirkjufjelagi, eru aptur á móti eigi undanþegnir nokkru lögboðnu gjaldi til prests og kirkju.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 19. febrúar 1886.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*

gaarde, som Folkekirken har ladet opføre, saafremt de erlægge Betaling for Gravsted og deltage i Omkostningerne til Kirkegaardens Vedligeholdelse eller Udvidelse. Deres Præst kan der forrette Tjenesten og Jordpaakastelsen ved Begravelse af sin Menigheds Medlemmer, hvorved det skal være de udenfor Folkekirken staaende Personer tilladt at bruge de af dem antagne Ceremonier. Dersom de opføre særskilte Kirkegaarde, ere disse underkastede de Sundhedsregler, som nu gjælde eller senere maatte blive fastsatte angaaende Begravelser, samt Øvrighedens Samtykke og Opsyn med Hensyn til Kirkegaardsplads. Nr. 4. 19de Febr.

III.

Om de udenfor Folkekirken staaende Personers Afgiftspligt.

§ 16.

Alle de Personer, der høre til et udenfor Folkekirken staaende Kirkesamfund, der har en Præst eller Forstander, som i Henhold til § 13 har erholdt kongelig Stadfæstelse, skulle fritages for Betaling for Extraværk, samt Offer, Lammefoder, Dagsværk, Lysetold og Løsegodstiende til Folkekirkens Præster og Kirker.

De, der ikke høre til noget saadant Kirkesamfund, ere derimod ikke fritagne for nogen lovlig Afgift til Præst og Kirke.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 19de Februar 1886.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*